

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 21.maí 2012 kl. 16.30



Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Margrét Ólafsdóttir og Þóra Leifsdóttir. Magnús Gauti Gautason boðaði forföll.

Aðrir á fundinum undir lið 1 voru Nói Björnsson formaður Íþróttaráðs, fulltrúar TBA: Guðmundur Sigurðarson varaformaður, Helga Þyri Bragadóttir gjaldkeri, Hulda Björg Kristjánsdóttir ritari, Kristín Pálsdóttir meðstjórnandi og Snæfríð Egilson formaður.

Formaður bauð viðstadda velkomna

1. Málefni TBA

Bréf hafði borist frá TBA sem kynnti ákvörðun um að stofna deild innan KA um starfsemina og óskað var eftir fundi til að ræða breytingarnar og spurningar sem hafa vaknað varðandi nýtingu á eignum félagsins.

Þröstur fór yfir sögu húsnæðismála TBA og fleira og þau mál voru rædd. Fram kom að aðstaða hefur ekki verið nógu góð né nýting á henni. Snæfríð sagði þau hafa skoðað mögulegar breytingar á húsnæðinu en það hafi verið of mikið og kostnaðarsamt. Segir haldast í hendur aðstöðuleysi og mætingar, það sé enginn hvati að mæta ef þarf að sitja hálfu æfinguna en fjölgun æfingavalla væri grundvallaratriði. Ný stjórn hefur ályktað að ganga í KA og stofna deild þar, til reynslu í 2 ár. Stjórnin hefur þá sýn að nauðsynlegt sé að fleiri börn og unglingar hafi tækifæri til að æfa, badminton henti flestum og tækifæri væri til vaxtar. Við það að stofna deild til reynslu vaknaði spurning hvað yrði um eigur félagsins, sem yrði ekki lagt niður. Ákveðið var að kanna það mál nánar.

Ítrekað var að KA þarf að tilkynna til ÍBA um stofnun deildarinnar sem síðan tilkynnir til ÍSÍ. Senda þarf inn félagatal. ÍSÍ tilkynnir síðan til sérsambands. KA semur um húsnæðismál fyrir deildirnar. Húsnæðisbyggingarmál voru rædd og kom fram að horft er til Íþróttahúss Naustaskóla 2014.

2. Önnur mál

Næsti stjórnarfundur var ákveðinn 31.maí kl. 17.00 og stefnt að formannafundi viku síðar.

Fundi var slitið kl. 17.45